

Aðalfundur Fuglahundadeildar 2013 3. apríl 2013

Úr stjórn FHD eru mættir Bragi Valur Egilsson, Egill Bergmann, Jón Ásgeir Einarsson og Þorsteinn Friðriksson. Reynir Hauksson er fundarstjóri og setur fundinn.

Egill Bergmann fer yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2012.

Egill Bergmann fer yfir reikninga deildarinnar og eru þeir samþykktir einróma.

Kosning stjórnar: Úr stjórn ganga þeir Egill Bergmann og Bragi Valur Egilsson. Í þeirra stað koma inn Henning Þ. Aðalmondsson og Kristín Jónasdóttir.

Næst voru tekin fyrir önnur mál.

Haukur Reynisson tekur til máls og fer yfir gagnagrunnmál og upplýsir fundinn um hvernig tillhögun skráningar í grunninn er í dag. Áréttar að prófstjórar séu snöggir til að senda honum upplýsingar um niðurstöður úr veiðiprófum sem allra fyrst. Þorsteinn Friðriksson tekur heilshugar undir með Hauki og leggur mikla áherslu á, að fylgja því formi fast á eftir, sem búið er að koma á varðandi skráningur í gagngrunn FHD.

Sigþór Bragason leggur til að fashanastyttan sem veitt er fyrir stigahæsta eyjahundinn verði merkt þeim hundum, sem hafa unnið hana. Vel er tekið í erindið og mun stjórn taka afstöðu til málsins á starfsárinu.

Henning Þ. Aðalmondsson spyrst fyrir um stöðu mála varðandi Sólheimakot. Stjórn upplýsir fundinn um stöðu mála.

Agli Bergmann, sem hættir sem formaður FHD veitt gjöf fyrir óeigingjörn og vel unninn störf á vegum deildarinnar í gegnum tíðina.

Fundi slitið.